

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr .../...

frá [...]

um breytingar á reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 um samfellt lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á því sviði

(Texti sem viðkemur EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af Stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almennt flug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu¹ (sem hér á eftir nefnist "Grunnreglugerðin"), einkum þó 5. og 6. gr. reglugerðarinnar,

með hliðsjón af reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 um samfellt lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á því sviði (sem hér á eftir nefnist reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003,²

að teknu tilliti til eftirtalinna atriða:

- (1) Að gera grein fyrir merkingu hugtaksins "Opinberlega viðurkenndur staðall" í hvert skipti sem það er notað í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003
- (2) Bæði landsyfirvöld flugmála og rekstraraðilar hafa farið fram á að skilgreint verði hugtakið "Opinberlega viðurkenndur staðall"

¹ OJ L 240, 7.9.2002, bls.1

² OJ L 315, 28.11.2003, p. 1). Reglugerðin eins og hún er eftir að henni var breytt með reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 707/2006 frá 8. maí 2006 (OJ L 122, 9.5.2006, bls.. 17)

- (3) Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð byggjast á álit³ Flugöryggisstofnunarinnar³ í samræmi við greinar 12(2)(b) og 14(1) í Grunnreglugerðinni.
- (4) Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit⁴ Nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem stofnuð var samkvæmt 54(3) grein Grunnreglugerðarinnar.
- (5) Reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003 ætti því að breyta samkvæmt því,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. grein

Í málsgrein M.A.301 (2) í Viðauka I við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003, eru orðin “samkvæmt opinberlega viðurkenndum staðli” felld niður og í staðinn kemur “í samræmi við gögn sem tilgreind eru í M.A.304 og/eða M.A.401”.

2. grein

Í málsgrein 147.A.105 (f) í Viðauka IV við reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (EB) Nr. 2042/2003, eru orðin “sett sem opinberlega viðurkenndur staðall” felld niður og í staðinn kemur “sett í samræmi við forsendur sem birtar hafa verið af hinu lögbæru stjórnvaldi”

3. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir útgáfu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

³ Álitsgerð 5/2005, sjá: http://www.easa.eu.int/home/opinions_en.html

⁴ [birtist síðar]

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar